



18.1.2019/2017

Samþykkt þann  
05. FEB. 2020  
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði  
Sigrún Þrymadóttir



Afstöðumynd 1:500



Skurður A-A 1:100

Byggingarlýsing fyrir viðbyggingu að Merkurgötu 9b, Hafnarfirði.

Staðgreinir :1400-1-61200092  
Byggingarár 1900

Erindis lýsing.

Fyrirhugað er að byggja viðbyggingu við íbúðarhúsið við vesturgall ásamt einum miðjukvisti á norðurhlé og tveimur kvistum á suðurhlé. Einnig er fyrirhugað að hækka ris hússins.

Byggingarlýsing:

Viðbygging og kvistir eru byggð úr timburgrind, klædd bárujarni að utan og gífsplötum að innan. Allt er einangrað með steinull. Suðurveggur viðbyggingar er REI60 veggur, klæddur með bárujarni. Veggir gamla hússins eru einangraðir með þéttull og klæddir að innan með gífsplötum.

- Þak**  
Þak er gert úr 225 x 50 mm sperrum sem hvíla á útveggjum. Einangrað er með 200 mm. þéttull. Þakið er klætt með krossvið og bárujarni. Neðan á sperrur er gífsplötuklæðning, fest á raflagnagrind. Þak er ank. REI 60.
- Útveggir**  
Veggir eru úr 150 x 50 mm timburgrind með 150 mm þéttullreinangrun, klæddir útgífsi, veggþappa og bárujarnsklæðningu að utan og að innan verður rakavarnarlag, afréttlingar- og lagnagrind. Þá verða veggir klæddir með 12 mm krossvið og 13 mm gífsplötum, máluðum. Að utan er veggurinn klæddur með bárujarni. Allar innanhússklæðningar verða í flokki 1. Allir útveggir verða REI60. Allir veggir gamla hússins eru einangraðir með þéttull og klæddir að innan með gífsplötum.
- Gólf**  
Gólf viðbyggingar eru úr 200 x 50 mm sperrum klætt gólfborðum að ofan, einangrað með þéttull og klætt með 13 mm gífsplötum að neðan. Núverandi hæðaskil verða einangrað með þéttull og klædd 13 mm gífsplötum að neðan.
- Lagnaleiðir**  
Lagnir verða staðsettar í gólf og í út- og innveggjum.
- Innveggir**  
Innveggir eru 120 mm gífsveggir, byggðir upp af 70 mm blikkstodum, 12 mm krossvið og 13 mm gífsplötum hvoru megin.
- Gluggar og gler**  
Gluggar eru úr tré. Í þeim er sérstakt tvöfalt gler sem viðurkennt er fyrir endurbýggingar. Glerjað er með linollukilli.
- Svalir** verða gerðar úr timbrí. Skástöðir verða 95 x 95 mm, bitar 50 x 200 mm (sjá teikningu verkfræðings) og gólf heiklædd. Svalir eru samtals 2,0 m<sup>2</sup>. Svalir verða einangraðar með þéttull og klæddar með Viroc plötum að neðan. Svalir verða REI60.

Í húsinu verða slökkvitæki og samtengdir reykskynjarar. Allar klæðningar verða í flokki 1.

Greinargerð vegna undanþágu frá byggingarreglugerð.

Sótt er um undanþágu frá greinum 6.1.5 „Breyting á þegar byggðu mannvirki eða breytt notkun“ og grein 9.25 „Staðfesting brunavarna vegna breytinga á þegar byggðum mannvirkjum.“

Ástæður eru eftirfarandi:

- Skv. fasteignaskrá er húsið byggt árið 1900 og er því fríðað skv.lögum um menningarmínjar nr. 80/2012. Þar af leiðir að allar breytingar eru háðar umsógn Minjastofnunar og því erfið um vik að uppfylla öll ákvæði byggingarreglugerðarinnar.
- Verið er að bæta verulega lofthæð í risi með því að hækka portveggi um 82 cm og auka einnig þakhalla á aðalþaki.
- Einnig er verið að bæta flóttaleiðir úr risi, þ.e. flóttaleið verður um nýjar svalir á vesturgalli og björgunarpóp á austurgalli, sem hvorugt er til staðar í dag, þar að auki er leið um stiga niður á 1. hæð.
- Vegna smáðar núverandi húss er erfið að gera frekari breytingar án þess að skerða útlit og stíl hússins, sem er hluti af afar smágerðri byggð í vesturbæ Hafnarfjarðar.

Stærðir	m <sup>2</sup>	m <sup>3</sup>	stækkun m <sup>2</sup>	stækkun m <sup>3</sup>
Kjallari	29,9	55,3	0,0	0,0
1.hæð	45,4	117,1	10,3	27,1
2.hæð	45,4	103,0	15,5	72,3
Samtals	120,3 m <sup>2</sup>	275,4 m <sup>3</sup>	25,8 m <sup>2</sup>	99,4 m <sup>3</sup>

Birt flatarmál núverandi húss samkvæmt skráningu FMR 51,4 m<sup>2</sup>  
brúttóflatarmál 106,7 m<sup>3</sup>  
brúttórúmmál 275,4 m<sup>3</sup>  
Nýtingarhlutfall 0,37

Kólnunartölur	Hámarksgjöldi:	W/m <sup>2</sup> °C
Útveggir		0.32
Þak		0.19
Gólf á fyllingu		0.28
Meðaltal glugga og glers		1.90
Vegið meðaltal útvegja		0.80

Merkurgata 9B, Hafnarfirði A2 blað

Ný viðbygging, kvistir og svalir 527.01

Afstöðumynd, skurður og byggingarlýsing

Breytt:	Dags:	Lýsing:
01	18.12.2019	Breytingar skv. aths. byggingarfulltrúa
02	27.01.2020	Breytingar skv. aths. byggingarfulltrúa
03	31.01.2020	Breytingar skv. aths. byggingarfulltrúa

Hannað: PVB Teiknað: ÓP Dagsett: 12.11.2019 MKV: 1:100, 1:500

Páll V. Bjarnason 660346-2249  
Ólöf Pálsdóttir 160174-3589



PÁLL V. BJARNASON ARKITEKT FAÍ  
ÓLÖF PÁLSDÓTTIR ARKITEKT  
HÖNNUN - RÁÐGJÖF - ENDURBYGGINGAR  
KJÖRGARÐI, LAUGAVEGI 59 101 REYKJAVÍK KT. 43 1005-0690 Sími: 82 19880  
www.p-ark.is pall@p-ark.is